

## MINNISBLAÐ

**Til:** Skaftárhrepps, Klausturvegi 4, 880 Kirkjubæjarklaustri

**Frá:** EP Power Minerals ehf., Hallgerðargötu 13, 105 Reykjavík

**Dagsetning:** 16 Janúar 2025

**Efni:** **Minnisblað um fyrirhugaða framkvæmd EP Power Minerals**

Tilgangur þessa minnisblaðs er að veita upplýsingar um væntanlega framkvæmd EP Power Minerals Iceland ehf., kt. 451120-0930, Hallgerðargötu 13, 105 Reykjavík („EPPM“ eða „félagið“) vegna fyrirhugaðrar námavinnslu félagsins við Hafursey í Mýrdalshreppi.

Eins og kynnt var á fundi skipulags- og umhverfisráðs Skaftárhrepps í október síðastliðnum hefur EPPM brugðist við þeim ábendingum umsagnaraðila sem fram komu við málsmeðferð umhverfismatskýrslu vegna námavinnslunnar á Mýrdalssandi árið 2023. Vinna við nýja matsáætlun í tengslum við fyrirhugaða uppbyggingu flutningsleiðar og bryggju við Alviðruhamra er langt á veg komin eins og nánar verður rakið í minnisblaði þessu.

### 1 INNGANGUR

- 1.1 Markmið EPPM er að vinna náttúrulegt gjóskuefni sem heitir possólan á íslensku (e. *Natural Pozzolan*), og hefur til einföldunar verið kallað vikur, fyrir sementsframleiðendur, sem nýta munu vikurinn sem vistvænt íblöndunarefni í sement.
- 1.2 Sementsframleiðendur leggja sífellt meiri áherslu á umhverfisvæna framleiðslu í takt við auknar kröfur samfélagsins og hvatningu stjórnvalda. Notkun possólan er áhrifarík leið til að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda, þar sem að við notkun á einu tonni af efniinu sparast tæplega eitt tonn af koltvísýringi (CO<sub>2</sub>), í samanburði við aðra þekkta kosti við framleiðslu og notkun sements í byggingariðnaði. Þörfin fyrir efnið er því mikil, en sementsframleiðsla stendur að baki um 8% af árlegri heildarlosun koltvísýrings í heiminum.
- 1.3 Fyrirhugað efnistökusvæði á Mýrdalssandi er um 15,5 ferkílómetrar að flatarmáli en yfirborðsrannsóknir benda til þess að nýtanlegur vikur nemi um 385 milljónum rúmmetra, sem er nóg til að sjá sementsmörkuðum í Evrópu

og mögulega Norður-Ameríku fyrir efninu í áratugi. EPPM hyggst vinna efnið á litlu og afmörkuðu svæði hverju sinni með áherslu á að lágmarka sýnileika og er sjálf námavinnslan því hvorki umfangsmikil né flókin sem slík.

- 1.4 Í mati á umhverfisáhrifum var upphaflega gert ráð fyrir því að nýta í upphafi þær flutningsleiðir sem til staðar eru og flytja vikurinn á vörubílum landleiðina til Þorlákshafnar og þaðan sjóleiðina til Evrópu. Brugðið hefur verið frá þessari mynd framkvæmdarinnar og þróun nýrrar útfærslu vel á veg komin.

## 2 NÝ ÚTFÆRSLA FRAMKVÆMDARINNAR

- 2.1 Eins og kynnt var á fundi með fulltrúum skipulags- og umhverfisráðs Skaftárhrepps hinn 7. október 2024 hefur EPPM unnið að breyttri útfærslu framkvæmdarinnar síðustu misseri í samræmi við tillögu hafnardeildar Vegagerðarinnar. Verkfræðistofan EFLA, DHI Group í Danmörku, LEAG í Þýskalandi og fleiri aðilar hafa einnig komið að hönnun og undirbúningi. Til grundvallar hafa legið umsagnir hagaðila og álit Skipulagsstofnunar um umhverfismat framkvæmdarinnar í tengslum við fyrirhugaða námavinnslu á Mýrdalssandi.
- 2.2 Í stað flutninga til Þorlákshafnar verður vikurinn, ef af framkvæmdinni verður, fluttur eftir sérstökum vegi eða á færibandum frá efnistökusvæðinu að geymslusvæði nálægt Alviðruhömrum á austanverðum Mýrdalssandi. Flutningsleiðin er um 16 kílómetra löng, en ríkissjóður á að nokkru leyti það land sem flutningsleiðin færi yfir. Unnið verður náið með Vegagerðinni og öðrum ráðgjöfum að nánari útfærslu að höfðu samráði við landeigendur og aðra hagaðila.
- 2.3 Gert er ráð fyrir því að byggð verði bryggja skammt frá geymslusvæðinu með niðurrekstri stálröra sem mun ná um tvo kílómetra út á haf, sem heftir því ekki náttúrulega setflutninga með ströndinni. Uppbygging og rekstur lestunaraðstöðu við Alviðruhamra þykir fýsilegur kostur, þar sem staðurinn er einn af fáum stöðum við suðurströndina þar sem fast berg nær nánast alla leið til sjávar. Við enda bryggjunnar yrði byggður um 200 metra langur viðlegukantur, þar sem unnt yrði að lesta vikurinn um borð í flutningaskip.
- 2.4 Bent hefur verið á af hálfu Landhelgisgæslu Íslands, og annarra viðbragðaðila, að skip í háaska gætu nýtt aðstöðuna, þar sem skjól er ekki finna á stóru svæði við suðurstönd Íslands. Vegna fjarlægðar bryggjunnar frá suðurströndinni næst gott dýpi fyrir stærri skip, auk þess að fyrirhuguð staðsetning hennar er utan svæði sandburðar sem er meðfram ströndinni.



*Hér að ofan má sjá tölvugerða mynd af þeirri útfærslu sem er til skoðunar.*

- 2.5 Utan við bryggjuna þyrfti að byggja brimvarnargarð sem yrði um eins kílómetra langur, til að skýla bryggjunni fyrir öldugangi. Við byggingu brimvarna er þörf á töluverðu magni af grjóti en frumathugun bendir til þess að hentugt berg kunnir að vera til staðar í nágrenni við fyrirhugað framkvæmdasvæði. Annar möguleiki á útfærslu er að nota forsteypt ker (e. Caisson) sem draga verulega úr þörf á grjóti. Greining á umhverfispáttum stendur yfir og nánari útfærsla verður unnin í samráði við landeigendur á svæðinu.
- 2.6 Ekki er gert ráð fyrir framkvæmdunum í gildandi aðalskipulagi Skaftárhrepps og er því fyrir séð að EPPM muni leita til sveitarfélagsins í tengslum við breytingu á aðalskipulagi. Þá er einnig ljóst að gera þurfi deiliskipulag á áhrifasvæði framkvæmdanna og yrði sú vinna einnig unnin í samráði við skipulagsyfirvöld í Skaftárhreppi.
- 2.7 Eins og áður segir er vinna við matsáætlun vegna framkvæmdarinnar langt á veg komin og gert er ráð fyrir því að matsáætlun verði send Skipulagsstofnun fyrir lok janúarmánaðar á þessu ári. Áætlað er að stofnunin veiti álit sitt á matsáætluninni snemma vors 2025 og sumarið verði því nýtt í rannsóknir og vettvangsvinnu á framkvæmdasvæðinu. Að því loknu mun vinna við umhverfismatskýrslu fara fram, að teknu tilliti til umsagna umsagnaraðila, haustið 2025 samkvæmt áætlunum.

## 3 NIÐURLAG

- 3.1 EPPM hefur átt samtöl við íbúa svæðinu um áformin síðustu mánuði og fyrstu viðbrögð íbúa eru jákvæð. Þá telja hagaðilar, sem EPPM hefur rætt við, mikilvægt að stuðla að meiri fjölbreytni atvinnugreina í Mýrdals- og Skaftárhreppi, enda verður mikill fjöldi starfa til í sveitarfélögunum ef af framkvæmdinni verður. EPPM gerir ráð fyrir því að ráða þurfi 150 – 200 starfsmenn úr mörgum starfsstéttum á rekstrarstigi verkefnisins. Þar að auki fylgja starfseminni afleiðd störf og munu t.a.m. staðbundin fyrirtæki verða beðin um ýmiss konar þjónustu við fólk, vélar og tæki. Umtalsverð aukning útflutningstekna og verulega aukin byggð á svæðinu ýtir undir einnig uppbyggingu á öðrum sviðum.
- 3.2 Eins og fram hefur komið í minnisblaði þessu er fyrirhuguð framkvæmd EPPM umfangsmikil og margir munu að henni koma með einum eða öðrum hætti. Framkvæmdin verður ekki að veruleika nema með nánu og góðu samstarfi við sveitarfélögin, íbúa þess og aðra hagaðila. Að mati félagsins er nauðsynlegt að halda sveitarstjórnnum upplýstum um þróun og mótun verkefnisins og eiga í góðu samstarfi við Mýrdals- og Skaftárhrepp, samfélögin í sveitarfélögunum og aðra eins og við á hverju sinni.
- 3.3 EPPM bindur vonir við að minnisblað þetta varpi nánara ljósi á framvindu verkefnisins og framkvæmdina í heild sinni. Vakni frekari spurningar eða athugasemdir við lestur minnisblaðsins eða ef óskað er eftir nánari upplýsingum um einstök atriði þess mun undirritaður fúslega veita þær upplýsingar sem óskað er eftir.

Virðingarfyllt,  
fyrir hönd EP Power Minerals Iceland ehf.



---

Ragnar Guðmundsson, framkvæmdastjóri